

# RÁÐNINGAR

## LEIÐBEININGAR UM SAMANTEKTIR

Við LHÍ er mögulegt að hljóta hæfi í starf lektors, dósents eða prófessors byggt á listrænum störfum, rannsóknum og/eða kennslu og akademískum störfum.

Umsækjendur um störf háskólakennara lýsi ferli sínum í samantektum og hvaða þætti hæfnisnefnd skuli taka sérstaklega til skoðunar sem umsækjandi hefur unnið að sem færi rök fyrir hæfi. Umsækjendum er heimilt að gera grein fyrir verkum í vinnslu en eingöngu útgefið efni/birtar sýningar/opinber flutningur/verk gildir til hæfnis. Sjá leiðbeiningar um samantektir hér að neðan.

Umsækjendur kynni sér Reglur um veitingu akademískra starfa við gerð umsóknar.

### Listræn störf - hámark 300 orð.

Við mat á listrænum störfum skal meta eftirfarandi þætti: vettvangur, samhengi, tengsl og áhrif.

Auk yfirlits í ferilskrá leggi umsækjandi fram samantekt á listrænum störfum sínum, með hvaða hætti ferill viðkomandi hefur þróast og ef við á hvaða þætti hæfnisnefnd skuli taka sérstaklega til skoðunar sem færi rök fyrir hæfi.

Undir listræn störf fjallar umsækjandi um verk sín, sýningar, tónleika o.þ.h. eftir því sem við á og gerir grein fyrir miðlunarvettvangi. Fjallar um áhrif verka sinna til þróunar fagsins. Gerir grein fyrir viðurkenningum, verðlaunum, styrkjum og umfjöllunum annarra um eigin verk. Geri grein fyrir virkni á alþjóðavísu eftir því sem við á. Þegar samstarfverkefnum er lýst er mikilvægt að gera vel grein fyrir þætti umsækjanda í verkefninu og samstarfsaðilum.

### Rannsóknir - hámark 300 orð.

Við mat á rannsóknum skal meta eftirfarandi þætti: vettvangur, samhengi, tengsl og áhrif.

Auk yfirlits í ferilskrá leggi umsækjandi fram samantekt á rannsóknum sínum, með hvaða hætti ferill viðkomandi hefur þróast og ef við á hvaða þætti hæfnisnefnd skuli taka sérstaklega til skoðunar sem færi rök fyrir hæfi.

Umsækjandi fjalli um rannsóknir sínar s.s. þróun rannsóknarviðfangsefnis, miðlun rannsókna og áhrifum rannsókna sinna á þróun fagsins. Geri grein fyrir útgáfum, ritrýndum greinum, opinberri miðlun listrannsókna, styrkjum, umfjöllunum um rannsóknir sínar og akademískri forystu í rannsóknum. Fjallað er um virkni á alþjóðavísu eftir því sem við á. Þegar samstarfverkefnum er lýst er mikilvægt að gera vel grein fyrir þætti umsækjanda í verkefninu og samstarfsaðilum.

**Kennsla og akademísk störf - hámark 300 orð.**

*Við mat á kennslu og akademískri reynslu skal meta eftirtalda þætti: kennsluvettvang, skólastigi, kennslureynslu og þátttöku og frumkvæði í uppbyggingu skólastarfs.*

Auk yfirlits í ferilskrá leggi umsækjandi fram samantekt á kennslu og akademískum störfum, með hvaða hætti ferill viðkomandi hefur þróast og ef við á hvaða þætti hæfisnefnd skuli taka sérstaklega til skoðunar sem færir rök fyrir hæfi.

Umsækjandi geri á heildrænan hátt grein fyrir kennslu og framlagi sínu til námskeiða, skólastigi, umfangi námskeiða (fjöldi eininga komi fram í ferilskrá), umsjón með námskeiðum, þróun nýrra námskeiða, nýsköpun í kennslu, leiðbeiningu með nemendum og námskrágerð. Geri grein fyrir framlagi sínu til þróunar á námsleiðum og námsskrá og fjallar um akademíska forystu í námi og kennslu. Þegar samstarfverkefnum er lýst er mikilvægt að gera vel grein fyrir þætti umsækjanda og samstarfsaðilum.

**Stjórnun - hámark 150 orð.**

*Við mat á stjórnun skal meta eftirtalda þætti: þátttaka í starfi fagfélaga og hagsmunasamtaka, seta í nefndum og ráðum, akademísk stjórnun, stjórnun stofnana og fyrirtækja, og störf í þágu menningar og lista.*

Auk yfirlits í ferilskrá leggi umsækjandi fram samantekt á stjórnun og þátttöku viðkomandi á fagvettvangi sem lítur að öðru en listrænum störfum eða rannsóknum s.s. trúnaðarstörf, nefndarstörf, verkefnastjórnun, akademísk stjórnun, rekstur ofl. Stjórnun á ekki við um rekstur einyrkja.